

BORGARRÁÐ 15. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um húsnæði fyrir fólk með fötlun - R19080069

Fyrirspurn Flokks fólksins um búsetuúrræði fyrir fatlaða einstaklinga

Samkvæmt nýjustu upplýsingum bíða nú 57 einstaklingar eftir sértæku húsnæði í flokki 1, 45 eftir sértæku húsnæði í flokki 2 og 43 eftir sértæku húsnæði í flokki 3. Til upprifjunar þá er flokkur 3 þeir sem þurfa mikla þjónustu og flokkur 2 minni og flokkur 1 minnst af þeim sem þurfa sértækt húsnæðisúrræði. Samtals eru þetta 145 auk þess eru 35 á bið eftir húsnæði með stuðningi en það þýðir að viðkomandi fær staka íbúð en teymi starfsfólk sér um að veita þjónustu heim. Ef litið er á listann fyrir ca. 5 árum kemur í ljós að hann hefur ekkert styðst. Þetta er stór hópur einstaklinga og hafa margir beðið lengi, jafnvel nokkur ár. Flokkur fólksins spyr:

Hver er ástæða þess að fólk fötlun í Reykjavík þarf að bíða mánuðum og árum saman eftir búsetuúrræði? Er það skortur á húsnæði? Skortur á starfsfólki? Hvað er verið að byggja fyrir marga? Er á dagskrá að kaupa húsnæði sem þegar er til staðar?

Er til nýleg þarfagreining meðal þeirra sem þurfa sérstök húsnæðisúrræði?